

Nd.

26. Frumvarp til laga

um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

1. Framkvæmd laga nr. 50 10. nóv. 1913, um að landssjóður leggi landsbankanum til 100 þús. kr. á ári næstu 20 ár, er frestað til ársloka 1938.
2. Tekjur eftir lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, renna í rikissjóð til ársloka 1938.
3. Tekjur eftir lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki, skulu renna í rikissjóð til ársloka 1938.
4. Framkvæmd annarar og þriðju greinar laga nr. 45 10. nóv. 1913, um bjargráðasjóð Íslands, er frestað til ársloka 1938.
5. Kennslu-eftirlit það, sem ræðir um í 6.--8. gr. laga nr. 35 19. maí 1930, fellur burt til ársloka 1938.
6. Framkvæmd c-liðar í 8. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt og fleira, er frestað til ársloka 1938.
7. Ríkisstjórninni er heimilt að fresta til ársloka 1938 framlögum samkvæmt 5. gr. laga nr. 34 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt og fleira, til þeirra kaupstaða og verzlunarstaða, sem ekki leggja tilskilinn hluta á móti ríkisframlaginu og framkvæma ekki malbikun á árinu 1938.
8. Á árinu 1938 leggur rikissjóður ekki fram til ræktunarsjóðs Íslands þann hluta útflutningsgjalds, sem ræðir um í 12. gr. laga nr. 63 28. jan. 1935.
9. Á árinu 1938 skal frestað framkvæmd laga nr. 98 19. júní 1933, um læknishéraða- og prestakallasjóði.
10. Á árinu 1938 fellur niður starf gengisnefndar og launagreiðsla til hennar, sam-anber lög nr. 48 4. júní 1924 og lög nr. 9 27. maí 1925.
11. Á árinu 1938 skal ekki verja hærrí fjárhæð úr rikissjóði til búfjárræktar, sam-anber lög nr. 32 1931, en 56000 kr. Landbúnaðarráðherra ákveður í samráði við búnaðarfélag Íslands, hvernig þessum sparnaði verði náð.
12. Á árinu 1938 má ekki verja úr rikissjóði meira en 14000 kr. til kaupa á erlend-um áburði, sbr. lög nr. 51 28. jan. 1935.
13. Á árinu 1938 leggur rikissjóður ekki fram meira en 1000 krónur til bókasafna prestakalla, sbr. lög nr. 17 7. júlí 1931.
14. Á árinu 1938 greiðir rikissjóður ekki herra framlag til sýsluvegasjóða en það, sem ákveðið er til móts við 5% úr héraðum, sbr. lög nr. 102 19. júní 1933.
15. Árið 1938 skulu ekki vera launaðir prófdómendur við rikisskólana eða skóla, er njóta ríkisstyrks, nema við embættispróf í háskólanum og burtfararpróf í menntaskólunum, kennaraskólanum, stýrimannaskólanum, vélstjóraskólanum, siglingarfræðinámskeiðum og vélgæzlunámskeiðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1938.

Greinargerð.

Með þessu frumvarpi er farið fram á, að frestað verði framkvæmd á eða breytt til bráðabirgða árið 1938 þeim lögum og einstökum lagaákvæðum, sem frestað er framkvæmd á eða breytt til bráðabirgða 1937, að undanskildu hámarki því, sem ákveðið var á framlagi til verkfærakauparsjóðs árið 1937. Hefir nú verið sett hærra hámark í nýju jarðræktarlögum.

Verður ekki annað séð en full þörf muni verða fyrir þann sparnað árið 1938, sem af frumvarpi þessu leiðir, ef að lögum verður.